

Nd.

115. Frumvarp til laga

[84. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Sóknarprestur og safnaðarfulltrúi skulu starfa með sóknarnefnd og sitja fundi hennar. Fundur er lögmætur, ef $\frac{2}{3}$ sóknarnefndarmanna sitja hann, enda hafi hann verið boðaður með nægilegum fyrirvara. Sóknarnefnd kys sér oddvita úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Oddviti boðar fundi og stýrir þeim.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefndarmenn eru 3 í sóknum, sem færri hafa sóknarmenn en 500, ella 5, unz tala sóknarmanna er 1000 eða fleiri, þá skal kjósa tvo menn í viðbót í sóknarnefnd fyrir hver full tvö þúsund sóknarmanna, sem við bætast. Þó skulu aldrei fleiri í sóknarnefnd en 11 alls. Kjósa skal jafnmarga varamenn.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Kosningin gildir fyrir 6 ár. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa sóknarnefndir eftir þeim í öllum sóknum. Að 3 árum liðnum skal minni hluti kjörinna nefndarmanna, svo og varamanna, ganga úr nefndinni samkvæmt hlutkesti, en hinn hlutinn að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá þriðja hvert ár á vxl.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta var lagt fyrir 4. kirkjuþing, sem háð var í Reykjavík 25. október til 6. nóvember 1964, af biskupi og kirkjuráði. Var það samþykkt með nokkrum breytingum eftir tvær umræður á kirkjuþingi og meðferð í nefnd.

Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Lögin um sóknarnefndir frá 1907 eru orðin það gömul, að eðlilegt er, að þau samsvari ekki að öllu leyti kröfum breyttra tíma. Sú breyting á lögnum, sem hér er lögð til, miðar að því, að sóknarnefndir geti orðið virkari starfsaðili í safnaðarlíf-inu, einkanlega í hinum fjölmennari prestaköllum, og jafnframt með tilliti til þeirrar auknu ábyrgðar, sem þeim yrði fengin, ef lögum um veitingu prestakalla yrði breytt á þann veg, sem lagt er til í frv. því um það efni, sem kirkjuþing 1962 samþykkti.

Frumvarpið er lagt fyrir eins og kirkjuþing gekk endanlega frá því. Það felur í sér tvær meginbreytingar á gildandi lögum:

1. Lagt er til, að sóknarprestur og safnaðarfulltrúar sitji fundi sóknarnefnda, en hafi þó ekki atkvæðisrétt á fundunum.
2. Gert er ráð fyrir fjölgun sóknarnefndarmanna í fjölmönnum prestaköllum í allt að 11 menn (auk safnaðarfulltrúa og sóknarprests).

Frumvarp þetta er tengt frumvarpi til laga um veitingu prestakalla, en í því er gert ráð fyrir, að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúi (auk prófasts) verði kjörmenn við prestskosningar.